



Fundargerð 65. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 09. september 2022, kl. 09:00 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Reykjanesbæ.

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Hanna María Kristjánsdóttir, Sigrún Elefsen, Jóhann Snorri Sigurbergsson, Gunnar Axel Axelsson

Forföll: Árni Sigfússon, Berglind kristinsdóttir

Starfsmenn: Daníel Einarsson, Þuríður Aradóttir Braun

1. Úttekt Unesco á Reykjanes Geopark sumarið 2023

Daníel fór yfir ferlið sem hefur farið af stað. UNESCO hefur sent erindi þess efnis. Fyrsta skrefið er að senda upphafsskýrslu í ferlinu og í veturnar þarf að skila inn skýrslu um þróun og framfarir á svæðinu. Að hluta til er fylgt eftir niðurstöðum síðustu úttektar sem fram kemur í úrbótaskýrslu jarðvangsins. Þar var bent á nokkur atriði sem vert væri að skoða, m.a. sýnileiki á Keflavíkurflugvelli, ferðamannahandbók og uppfærsla á gestastofum. Úttektin snýr að hluta til að heimsóknum til sveitarfélaga. Lykillinn að góðri úttekt er góður undirbúningur. Daníel óskar eftir þátttöku og aðstoð sveitarfélaga og samstarfsaðila við þessa undirbúningvinnu og stjórn tekur undir það.

2. Rekstur og viðhald ferðamannastaða

Daníel fer yfir þörf á viðhaldi og rekstri áningarstaða og mikilvægi þess að skilgreina betur hver beri ábyrgð á þeim þáttum og setja upp ferli milli hagsmunaaðila sem taki á þessum þáttum þannig að hægt sé að leysa verkefnin hratt og örugglega. Áningastaðir á svæðinu hafa látið á sjá eftir sumarið og eins er komið að viðhaldi og uppfærslu á skiltum vegna veðrunar og álags yfir vetrartímann.

Stjórn er sammála um að Reykjanes jarðvangur sjái um að uppfæra og halda til haga skiltum á þeim áningarstöðum sem eru jarðvætti (e. geosite).

Verkefnastjóra falið að setja upp reglulegar eftirlitsferðir yfir árið og skoðunarferð fyrir stjórn.

Verkefnastjóri leggur til tíma fyrir skoðunarferð í annars vegar fyrir jól og hins vegar vor 2023.

Reykjanes jarðvangi er falið að setja upp skilti og viðvaranir til að byrja með, og í framhaldi senda erindi til sveitarfélaganna um þátttöku í viðhaldsverkefni við Gunnuhver og fá tilboð í viðgerð.

Verkefnastjóra er jafnframt falið að kanna styrki og stuðning til vegaframkvæmda við áningarstaði.

Verkefnastjóra og formanni falið að ræða við Vegagerðina um mögulegar merkingar á jarðvanginum og staðsetningu skilta við vegi.

3. Uppbygging ferðamannastaða og Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Umsóknarfrestur í framkvæmdasjóð hefur verið auglýstur og rennur frestur út 5. október n.k.

Jarðvanguinn heldur utanum uppbyggingarlista í samstarfi við Áfangastaðastofu Reykjanes, en listinn er unnin í samstarfi við sveitarfélög. Listinn hefur verið uppfærður árlega. Reykjanes



jarðvangur vinnur með þá staði sem eru jarðvættir og sveitarfélög hafa komið inn með áhersluverkefni innan sinna svæða.

Verkefnastjóri fór lauslega yfir þau verkefni sem eru í vinnslu eða er lokið og leggur til að forgangur sé lagður á fleiri svæði víðar innan jarðvangsins.

Verkefnastjóri hvetur sveitarfélög til að sækja um verkefni til sjóðsins og mun verða í samskiptum við sveitarfélög í framhaldi fundarins.

4. Gjaldtaka við Reykjanesvita

Umræða um stöðu mála vegna gjaldtöku Reykjanes Aurora við Reykjanesvita. Verkefnastjóri og fulltrúi Reykjanesbæjar skýrðu frá stöðu mála.

5. Aðalfundur

Lagt er til að fundurinn fari fram 4. nóvember n.k.

Verkefnastjóra falið að senda út fundarboð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.25

Fundargerð ritaði: Daníel Einarsson / Þuríður Aradóttir Braun